



Stjórn SSH 331. fundur

Mánudaginn 2. febrúar 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson formaður, Jónmundur Guðmarsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Gunnar I. Birgisson, Ellý Erlingsdóttir, og Sigurður Magnússon.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Haraldur Sverrisson formaður setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Átak til atvinnusköpunar – erindi Skógræktarfélags Íslands

Á fundinn mættu fulltrúar Skógræktarfélags Íslands og kynntu hugmyndir félagsins um átak til atvinnusköpunar í tengslum við framkvæmdir við Græna trefilinn og „Græna stíginn“ sem áformað er að liggi í útjaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu.

Til að þessar hugmyndir geti gengið eftir þarf fulltingi sveitarfélaganna, bæði varðandi formlega ákvörðun um staðfestingu á „Græna stígunum“ í svæðisskipulagi, sem og með aðkomu sveitarfélaganna að fjármögnun þeirra verkefna sem áætlanir félagsins gera ráð fyrir, en að hluta til er reiknað með fjármögnun út atvinnuleysistryggingasjóði.

Fulltrúar Skógræktarfélagsins óskuðu eftir því að stjórn SSH gæfi út viljayfirlýsingu vegna málsins.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur málið áhugavert, en þarfnist frekari skoðunar áður en hægt er að taka afstöðu til þess. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga fyrir næsta stjórnarfund.



2. Skíðasvæðið Skálafelli – tillaga að breyttu deiliskipulagi.

Fyrir fundinum lá erindi borgarráðs frá 8. janúar sl. þar sem kallað er eftir afstöðu stjórnar SSH til tillögu að breyttu deiliskipulagi skíðasvæðisins í Skálafelli. Breytingin tekur til þátta er snúa að mögulegri snjóframleiðslu á svæðinu. Ennfremur lágu fyrir deiliskipulagstillagan og greinargerð, sem og umsögn framkvæmdastjóra ÍTR.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn SSH gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna, enda er breytingin í fullu samræmi við þá stefnumörkun sem fyrir liggur varðandi uppbyggingu og rekstur skíðasvæðanna.

3. Vegaskrá 2009 – viðhorf og viðbrögð eftir fund með VR og Samgönguráðuneyti.

Málið var á dagskrá 330.fundar 2. janúar sl.

Formaður greindi frá fundi sem haldinn var með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og SSH annars vegar og Vegagerðar ríkisins og Samgönguráðuneytisins hins vegar vegna útgáfu nýrrar vegskrár og athugasemda sveitarfélaganna við úrvinnslu máls.

Fyrir fundinum lágu gögn vegna vinnu við mat á kostnaðaráhrifum þeirra breytinga sem felast í vegaskránni.

Fram kom að beðið er eftir svari Samgönguráðuneytisins við athugasemdum sveitarfélaganna.

Umræður.

Niðurstaða:

Frekari umfjöllun frestað þar til svar Samgönguráðuneytisins liggur fyrir.

4. Úrvinnsla og framkvæmd samræmingarvinnu við gerð fjárhagsáætlana 2009

Rætt var um árangur og niðurstöður af samræmingarvinnu við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna á liðnu hausti, og þörf á að halda þeirri vinnu áfram.

Niðurstaða.



Ákveðið að halda sérstakan vinnufund stjórnar vegna málsins í næstu viku. Framkvæmdastjóra falið að finna hentugan fundartíma.

5. Önnur mál:

a) **Atvinnulausir og sundstaðir – erindi ASÍ.**

Fyrir lá erindi ASÍ þar sem hvatt er til þess að sveitarfélögin veiti fólki á atvinnuleysssskrá frían aðgang að sundstöðum.

Erindið hefur einnig verið sent til aðildarsveitarfélaganna. Óskað hefur verið eftir að það verði skoðað á vettvangi SSH m.t.t. samræmingar.

Framkvæmdastjóra falið að skoða leiðir til einfaldrar útfærslu á máli.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:50